

Markmið:

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og til að beita málinu í samskiptum. Kennsluaðferð

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur þjálfast í lestri, ritun, töluðu máli og hlustun. Unnið er ýmist einstaklingslega, í þörum eða litlum hópum. Unnið er jöfnum höndum með Smil námsbækurnar , Tak og Dejlige Danmark. Helstu þemu eru Hjemmet, Tøj og tilbehør, Læs, Se og hør og Jeg elsker Danmark. Nemendur kynnast Danmörku og danskri menningu og læra að nota ýmsa miðla við verkefnavinnu.

Námsmat:

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Námsmat er skráð með hæfnitáknum á hæfnikort nemanda.

Námsgögn:

Smil lesbók : <https://mms.is/namsefni/smil-nemendabok-gagnvirk-rafbok>

Smil vinnubók: <https://mms.is/namsefni/smil-vinnubok-a-rafbok>

Dejlige Danmark þemahefti: <https://mms.is/namsefni/dejlige-danmark-rafbok>

Dejlige Danmark verkefnabók: <https://mms.is/namsefni/dejlige-danmark-verkefnabokrafbok>

Danskar kvikmyndir, lagatextar, sögur, greinar og ýmsir textar af netinu.

Námshættur: Enska
Kennaraleiti: Harpa Stefánsdóttir, Hafþór Óskarsson

Markmið:

Þjálfun í 5 meginþáttum tungumálsins:

Reading comprehension - lesskilningur
Writing skills – Þjálfun í ritun
Listening skills – Hlustun/skilningur á töluðu máli
Speaking skills - Talað mál/þjálfun
Grammar and usage - málfræði og málnotkun í öllum fyrrgreindum þáttum

Kennsluáferðir/vinnulag:

Nemendur lesa ýmis konar texta til þess að þjálfa lesskilning og sýna skilning með því að svara spurningum, skrifa spurningar sjálfir, skrifa útdrætti og vinna með orðaforða.
Nemendur hlusta á ýmskonar hlustunarefni, bæði tilbúið efni fyrir skóla og efni sem fengið er á vefsíðum og öðrum miðlum.
Nemendur skrifa frásagnir og sögur ásamt því að þýða úr íslensku yfir á ensku í þeim tilgangi að auka við orðaforða.
Nemendur kynna verkefni sín á ensku og er ætlað að nota ensku til samskipta í kennslustofu. Taka viðtöl og tala inn á myndbönd.
Þjálfun í málfræði og málnotkun fer bæði fram á hefðbundinn máta með verkefnavinnu og í gegnum ritun og lestur.

Öll vinna fer í gegnum classroom.

Námsmat:

Símat að mestu - verkefni í öllum færniþáttum sem minnst var á að ofan.
Einnig eru nemendur einstaka sinnum prófaðir með formlegum prófum í vissum þáttum: Lesskilningspróf, munnleg próf og hlustunarpróf.
Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor.
Námsmat byggist á ýmsum verkefnum: munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Námshættur:

Spotlight 9 Textbook
Stories - Rafbók
Hlustunarefni úr bókum og víðsvegar að
Gagnvirkir málfræðivefir og smáforrit
Textar úr tímaritum, greinum, vefmiðlum o.fl
Kvikmyndir og þættir
Kjörbók

Námsáætlun
Árgangur: 9. bekkur



Námsgrein/ar: Enska
Kennarateymi: Harpa Stefánsdóttir, Hafþór Óskarsson

Markmið

Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.

Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurteknar æfingar, leikir, stöðvaþjálfun, þrautabrautir, hópvinna.

Íþróttakennsla fer fram í TBR.

Kennt er tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn.

Kynntar eru ýmsar íþróttagreinar, reglur og fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni.

Námsmat

Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Einkunn gefin í bókstöfum frá A-D.

Frammistaða í stöðluðum prófum er grunnur einkunnar, en virkni í tímum er einnig metin.

Stöðluð próf: þolpróf, stökkpróf, sippupróf, hlaupapróf og styrktarpróf

Námsgögn

Nemendur mæti í íþróttafötum og íþróttaskóm í kennslustundir.

Áhöld í íþróttasal: Minni áhöld: boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur, baunapokar, körfuboltar, fótboltar, handboltar, skotboltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar.

Stærri áhöld: kubbar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet, grindur (fyrir grindahlaup), hástöks uppistöður og rá, langstöksplanki, gervigrasvöllur, körfuspjald, grasvöllur.

Námsgrein/ar: Smiðja

Kennarateymi: Dögg Lára Sigurgeirsdóttir, Harpa Stefánsdóttir, Hafþór Óskarsson, Oddur Ingi Guðmundsson, Sæmundur Helgason, Þorleifur Örn Gunnarsson, Kjartan Orri Þórsson, Þórunn Þórólfsdóttir og Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir

Markmið:

Smiðja er samþætting íslensku, náttúru- og samfélagsgreina og upplýsingatækni. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Í **íslensku** er áherslan á þjálfun í málnotkun, talað mál og hlustun, framsetningu texta, uppbyggingu ritsmiða, lesskilning, stafsetningu og málfræði með sérstakri áherslu á sagnorð. Í öllum verkefnum er markmið að nemendur nái tökum á ofantalinna hækni.

Í **samfélagsgreinum** er tekið fyrir tímabilið 1912 - 1938 í heimssögunni ásamt því að kafa dýpra í efnisþætti síðari heimsstyrjaldarinnar.

Unnið er með auðlindir, ólíka orkugjafa, sjálfbæra þróun og getu til aðgerða o.þ.h. hugtök sem tengjast umhverfi okkar.

Í **náttúrugreinum** er tekið fyrir í eðlisfræði hvernig kraftar breyta hreyfingu ásamt því hver mismunandi form orkunnar eru. Í líffræði er farið yfir mannlíkamann og unnið með hvernig mismunandi líffærakerfi virka. Í líffræði er einnig farið yfir kynþroskaskeiðið. Farið verður í líffræðilega þætti skeiðsins ásamt félagslega þætti þess.

Í upplýsingatækni er lögð áhersla á að nemendur nái tökum á grunnhækni í miðlun upplýsinga í formi myndbanda, ritsmiða, glærukyninga og hljóðupptöku ásamt skrásetningu heimilda.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Samvinnu-, þema og leitarnám

Vinna og verkefnaskil fara fram í gegnum classroom.

Námsmat:

Símat og leiðsagnarmat - (Nær) öll verkefni eru metin út frá fimm hæfnipáttum - hækni ekki náð - þarfnast þjálfunar - á góðri leið - hækni náð - framúrskarandi

Framvinda námsins er skráð að jafnaði tvisvar á önn í Mentor.

Námsáætlun

Árgangur: 9. bekkur

Námsgrein/ar: Smiðja

Kennarateymi: Dögg Lára Sigurgeirsdóttir, Harpa Stefánsdóttir, Hafþór Óskarsson, Oddur Ingi Guðmundsson, Sæmundur Helgason, Þorleifur Örn Gunnarsson, Kjartan Orri Þórsson, Þórunn Þórólfsdóttir og Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir

Námsmat byggist á afar fjölbreyttum verkefnum: skriflegum og verklegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Námsgögn:

Íslenska:

Neistar, Kveikjur, Logar, Laxdæla

Samfélagsgreinar:

Styrjaldir og kreppa, Um víða veröld - Jörðin, Maður og náttúra,

Náttúrugreinar:

Mannlíkaminn, Eðlisfræði 2 og 3, UngRÚV

Markmið:

Markmið kennslunnar eru að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem Aðalnámskrá leggur upp með í 9. bekk, sem birtast á kennsluáætlunum sem nemendur fá í upphafi hvers kafla.

Efnið sem við förum m.a. í er: Talnareikningur, Föll, Mál og Mælieiningar, Rúmfræði og útreikningar og Líkur og talingarfræði.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennt er í lotum eftir námsefni og eru 5 kennslustundir í viku. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu að einhverju leyti. Boðið er upp á 1 aukatíma í viku. Tími auglýstur í Classroom.

Námsmat:

Áhersla verður lögð á ástundun, virkni í tímum og sett verða fyrir próf eftir hvern kafla. Lögð verða fyrir munnleg, verkleg og skrifleg verkefni. Eftir hvert próf verður merkt við hæfniviðmið í Mentor.

Námsgögn:

Skali 2A og 2B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði 3, myndbönd inn á Google Classroom, töflureiknir, vefefni, ásamt öðru ítarefni. Skólinn útvegar öll kennslugögn.

Skali 2A nemendabók <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/skali2anem/>

Skali 2A nem.b. lausnir http://vefir.nams.is/skali/pdf/skali2/skali2a_nem_lausn.pdf

Skali 2A æfingahefti <https://www.mms.is/namsefni/skali-2a-aefingahefti-rafbok>

Skali 2A æfingahefti lausnir <https://www.mms.is/namsefni/skali-2a-aefingahefti-lausnir>

Skali 2B nemendabók <http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/skali2bnem/>

Skali 2B nem.lausnir http://vefir.nams.is/skali/pdf/skali2/skali2b_nem_lausn.pdf

Skali 2B æfingahefti <https://www.mms.is/namsefni/skali-2b-aefingahefti>

Skali 2B æfingahefti lausnir http://vefir.nams.is/skali/pdf/skali2/skali2b_aef_laus.pdf

Markmið

Öryggi og vellíðan í vatni.
Þátttaka, vatnsleikir, sækja hlut í kafi, bæta þol.
Skriðsund, baksund, bringusund, skólabaksund, björgunarsund, flugsund með áhöldum.
Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi
sundhreyfingar, með eða án áhalda.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Kennsluaðferðir/vinnulag Sundkennsla fer fram með og án áhalda. Sundkennsla fer fram í formi leikja, sýnikennslu, stýrikennslu, tækniæfinga, sundþjálfunar og frjálsum leik. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni. Lögð er áhersla á að nemendur fylgi eftir reglum sundstaða.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum, vinnusemi, hegðun og sundfærni.
Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Námsgögn

Nemendur mæti með sundföt og sundgleraugu.
Hringir, korkar, blöðkur, kútar, svamp núðlur.